

FERÐAMÁLASTOFA - HLUTVERK OG STARFSEMI





FERÐAMÁL Í NÝJU RÁÐUNEYTI

Á tiltölulega skömmum tíma hefur ferðapjónusta skapað séss sem ein mikilvægasta atvinnugrein Íslands. Hún aflar mikilvægs gjaldeyris, hún skapar fjölda starfa - og til hennar er horft sem burðaráss í atvinnulífi framtíðarinnar. Sókn ferðapjónustunnar hefur ekki aðeins verið innanlands, heldur líka út á við. Nú er það mitt hlutverk að berjast fyrir málefnum og hagsmunum ferðapjónustunnar á Íslandi og það ætla ég að gera af öllum mínum skriðþunga - eins vel og mér er unnt.



Með flutningi á málefnum ferðapjónustunnar til iðnaðarráðuneytisins blasa við að nýir möguleikar hafa opnast. Þannig fellur ferðapjónustan nú inn í það stuðningskerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar, sem hefur verið þróað á síðustu misserum. Framtíðin á eftir að leiða það í ljós, að nábylið við Nýsköpunarmiðstöðina verður ferðapjónustunni mikill fengur og ávinningur. Sama mun gilda um sambýlið við Byggðastofnun innan sama ráðuneytis sem styrkja mun stórlega ferðapjónustuna á landsbyggðinni. Það er einfaldlega þannig að ráðuneyti með þessi þrjú járn í sama eldi - byggðamál, nýsköpun og ferðapjónusta - er kjörin blanda fyrir eflingu allra þessara þátta.

Skipan málefna ferðapjónustunnar og aðkoma ríkisins að þeim, m.a. markaðs- og kynningarmála bæði á erlendum vettvangi og innanlands, er nú talsvert í deiglu. Þar stendur hugur minn til þess að Ferðamálastofa verði áfram öflug, stefnumótandi stofnun, sem geri samninga fyrir hönd ríkisins um markaðsstarf, kynningu, uppbyggingu og rannsóknir í þágu ferðapjónustunnar við fyrirtæki og opinbera aðila.

Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra

HLUTVERK FERÐAMÁLASTOFU

Ferðapjónusta gegnir æ veigameira hlutverki í atvinnulífi landsmanna. Samkvæmt lögum um skipan ferðamála þjónar Ferðamálastofa ferðapjónustunni á þrjúþættum grunni. Stofnunin er þannig mikilvægur hlekkur í vexti og viðgangi sjálfbærrar ferðapjónustu þar sem nýsköpun, gæði og fagmennska eru leiðarljósið. Starfsemi Ferðamálastofu á sviði leyfisveitinga, uppbyggingar og markaðssetningar grundvallast og á forsendum Ferðamálaáætlunar sem stofnuninni er ætlað að sjá um framkvæmd á.



Starfsemi Ferðamálastofu byggir ekki síst á góðu samstarfi og traustum tengslum við einstaklinga og fyrirtæki sem hún þjónar. Virk samskipti skipta þar miklu máli og er markmið stofnunarinnar að þau verði sem best og árangursríkust.

Í þessu kynningarriti eru starfsemi Ferðamálastofu og uppbygging kynntar og er það von okkar sem á stofnuninni starfa að ritið gefi örlitla innsýn í hin víðtæku verkefni sem stofnunin sinnir. Við munum hér eftir sem hingað til sinna verkefnum okkar af alúð, með það fyrir augum að leggja áframhaldandi eflingu ferðapjónustunnar lið.

Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri

VIÐAMIKIÐ HLUTVERK - HORFT TIL FRAMTÍÐAR



Ferðamálastofa gegnir veigamiklu hlutverki í íslenskrí ferðapjónustu samkvæmt nýjum lögum.

Ferðamálastofa heyrir undir iðnaðarráðherra og hefur þrjú skilgreint verksvið í lögum um skipan ferðamála:

- Útgáfa leyfa, skráning á starfsemi og eftirlit með að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt.
- Próunar-, gæða- og skipulagsmál ferðapjónustu, þ.e. framkvæmd markaðrar ferðamálastefnu, samræming umhverfis- og fræðslumála, miðlun upplýsinga, svæðisbundin þróun og alþjóðlegt samstarf.
- Markaðs- og kynningarmál ferðapjónustu, í samræmi við ákvörðun ráðherra hverju sinni.

Þegar Alþingi samþykkti árið 2005 þingsályktunartillögu um ferðamálaáætlun, sem nær til ársins 2015, má segja að settur hafi verið nokkurs konar vegvísir í öllu starfi Ferðamálastofu. Í áætluninni er lögð áhersla á mikilvægi náttúru Íslands, menningu, byggðafestu og fagmennsku í þróun ferðamála. Tryggja ber samkeppnishæfni ferðapjónustunnar sem stuðli að hámarksafrekstri í greininni og unnið verði að því að álag vegna ferðapjónustu verði jafnað á landið og íbúa þess. Síðast en ekki síst er lögð áhersla á að ímynd Íslands sem ferðamannastaðar verði byggð upp og varin svo sem kostur er.

Allt starf Ferðamálastofu byggist á þremur stöðum greinarinnar, þ.e. náttúru, menningu og fagmennsku. Þessir lykilþættir koma við sögu í öllu daglegu starfi stofnunarinnar.





Bás Ferðamálastofu á Vestnorden ferðakaupstefnunni 2006.



Frá upphafshátíð Iceland Naturally á Bretlandsmarkaði haustið 2006.

Starfsemi Ferðamálastofu skiptist í þrjú svið og fer fram á fimm skrifstofum, héraðs og erlendis. Hér á landi eru skrifstofur Ferðamálastofu í Reykjavík og á Akureyri. Á aðalskrifstofunni í Reykjavík eru tvö svið, markaðssvið og rekstrar- og stjórnsýslusvið. Á Akureyri er upplýsinga- og þróunarsvið.

Rekstrar- og stjórnsýslusvið hefur með höndum öll almenn rekstrarmál Ferðamálastofu, skipulag og áætlanagerð, lögbundin stjórnsýsluverkefni, umsjón með samningagerð, leyfismálum, meðhöndlun kvartana, álit og ráðgjöf og fjölpjóstlegt samstarf.

Undir markaðssvið Ferðamálastofu heyra m.a. markaðsáætlanir, þátttaka í ferðasýningum, kynningarefni og markaðsaðgerðir. Að auki starfsemi skrifstofa Ferðamálastofu erlendis en þær eru í New York, Frankfurt og Kaupmannahöfn.

Upplýsinga- og þróunarsvið Ferðamálastofu er á Akureyri. Verkefni sviðsins eru upplýsingamál, gerð gagnagrunns, umhverfismál, fræðslumál, vefþróun og -viðhald, gæðamál og ráðgjöf.

Starfsmenn Ferðamálastofu eru 21, þar af 13 hér á landi.

AÐ KYNNA ÍSLAND FYRIR UMHEIMINUM

Eitt af mikilvægum verkefnum Ferðamálastofu er almenn landkyrning heima og erlendis. Þetta hlutverk rækir stofnunin með margvíslegum hætti og má m.a. nefna:

- starfrækslu markaðsskrifstofa
 - fyrir Norður-Ameríku í New York
 - fyrir Norðurlönd í Kaupmannahöfn
 - fyrir meginland Evrópu í Frankfurt
 - fyrir Bretland og fjærmarkaði á Íslandi
- þátttöku í ferðasýningum
- útgáfu kynningarefnis, s.s. bæklinga og mynddiska
- vefsíður
- almannatengsl og fjölmiðlaheimsóknir.



Þátttaka í ferðasýningum er mikilvægur liður í starfi Ferðamálastofu. Myndirnar eru frá ferðasýningunni TUR í Gautaborg og Vestnorden ferðakaupstefnunni.

Ferðasýningar


Margskonar ferðasýningar eru haldnar víðs vegar um heiminn ár hvert og tekur Ferðamálastofa þátt í um 40 þeirra. Lögð er megináhersla á að kynna Ísland á þremur lykilsýningum. Þær eru International Tourism - Börse (ITB) í Berlín í marsmánuði, Swedish International Travel & Tourism Fair (TUR) í Gautaborg í marsmánuði og World Travel Market (WTM) í London í nóvember. Þá var á árinu 2005 í fyrsta sinn tekið þátt í stærstu ferðasýningu í Asíu, China International Travel Mart. Þátttaka í sýningum er í nánú samstarfi við íslenska ferðapjónustuaðila en Ferðamálastofa annast alla skipulagningu. Með þátttöku í ferðasýningum vekur Ísland athygli hjá hundruðum þúsunda gesta ár hvert.

Handbækur og bæklingar í hundruðum þúsunda eintaka!

Stærsta reglubundna útgáfuverkefni Ferðamálastofu ár hvert er Íslandsbæklingurinn sem gefinn er út á 11 tungumálum og í 600 þúsund eintökum. Honum er dreift á markaðssvæðum, ferðasýningum og til söluaðila. Auk þessa gefur Ferðamálastofa árlega út handbók á íslensku og ensku. Í henni eru ítarlegar upplýsingar um þjónustu fyrirtækja, ferðir, samgöngur, gistingu og margt fleira.

Vefsíður og margmiðlunarefni

Vefsíður eru kynningargluggar alheimsins og heldur Ferðamálastofa úti upplýsinga- og landkynningarvefjum fyrir innlandan og erlendan markað. Í auknum mæli eru vefsíður tæki til markaðssetningar á ferðamannalandinu Íslandi og vefuppbygging og -viðhald því vaxandi og æ mikilvægara verkefni Ferðamálastofu. Ferðamálastofa stendur einnig að gerð kynningarmyndbands og margmiðlunarefnis um Ísland, sem birt er víðs vegar um heim, og sömuleiðis hefur stofnunin gert kynningarmyndbanda um möguleika til ráðstefnuhalds á Íslandi og hvataferða.





RÁÐSTEFNUSKRIFSTOFA ÍSLANDS, CRUISE ICELAND, ICELAND NATURALLY

Íslensk ferðapjónusta hefur á undanförunum árum sýnt mikinn árangur og hugmyndaauðgi í markaðsmálum og hefur Ferðamálastofa átt aðild að mörgum samstarfsverkefnum. Þrjú þessara verkefna eru nú vistuð hjá stofnuninni og vinna starfsmenn hennar að þeim.



Ráðstefnur og hvataferðir til Íslands

Með þátttöku Ferðamálastofu í Ráðstefnuskrifstofu Íslands leggur stofnunin sitt lóð á vogarskálarnar í markaðssetningu Íslands á hinum stóra ráðstefnu- og hvataferðamarkaði í heiminum. Ráðstefnuskrifstofa Íslands var stofnuð árið 1992 með það að markmiði að markaðssetja Ísland á erlendum vettvangi sem áfangastað fyrir fundi, ráðstefnur og hvataferðir. Jafnframt því að markaðssetja Ísland erlendis er hlutverk skrifstofunnar að hvetja Íslendinga í alþjóðlegum samskiptum og viðskiptum, sem sækja norrænar, evrópskar eða alþjóðlegar ráðstefnur og/eða fundi erlendis fyrir hönd sinna samtaka eða félaga hér heima, að bjóðast til að halda ráðstefnur og fyrirtækjafundi á Íslandi.



Í siglingaleið skemmtiferðaskipanna

Cruise Iceland er samvinnuverkefni þeirra hagsmunaaðila sem njóta góðs af komu skemmtiferðaskipa til landsins. Hér er um að ræða einn af mörgum vaxtarbroddum í ferðapjónustunni og hefur með samstilltu átaki tekist að fjölga jafnt og þétt heimsóknum skemmtiferðaskipa með tilheyrandi fjölgun ferðamanna.



Ímyndarverkefnið Iceland Naturally

Til kynningarverkefnisins Iceland Naturally var stofnað á haustmánuðum 1999 í þeim tilgangi að efla ímynd Íslands meðal bandarískra neytenda. Verkefnið hefur aukist að umfangi frá þeim tíma og teygt sig yfir til Evrópulanda en að baki verkefninu standa ríkisstjórn Íslands og íslensk fyrirtæki. Aðildarfyrirtækin eru Icelandair, Icelandic USA, Bændasamtök Ísland, Iceland Spring Water, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 66° Norður, Bláa Lónið og Glitnir.

ÍSLANDSKYNNING Á VEFNUM

Milljónir manna heimsækja Ísland í gegnum Veraldarvefinn á ári hverju og vefþjónusta hefur verið ört vaxandi í starfi Ferðamálastofu. Stærsti þáttur hennar er fjórir markaðs- og landkynningarvefir sem innihalda víðtækustu Íslandskynningu sem er að finna á Veraldarvefnum.

Með landkynningarvefsetrunum er í senn gert aðgengilegt mikið magn upplýsinga um Ísland og um leið kveiktur áhugi bæði erlendis og innanlands á ferðalögum um Ísland. Til marks um mikla aukningu í notkun vefjanna er að á fáum árum hefur heimsóknun á vefnum visiticeland.com fjölgað um hátt í 1000% sem glögglega er til marks um að landið og framsetning kynningar á því vekur áhuga þeirra sem sækja vilja Ísland heim.


www.ferdamalastofa.is

Síðan hefur að geyma ógrynni upplýsinga um starf stofnunarinnar og er um leið gagnaveita um ferðaþjónustu á Íslandi, umfang hennar og þróun.



HVAR FÁ ERLENDIR GESTIR UPPLÝSINGAR UM ÍSLAND?

Upplýsinga um Ísland er aflað með ýmsum hætti, í bæklingum og ferðabókum, á ferðaskrifstofum, hjá vinum og ættingjum og af netinu sem er ört vaxandi upplýsingamiðill.



www.ferdalag.is

Gagnabanki fyrir Íslendinga um ferðalög innanlands.



www.visiteurope.com

Nýjasta viðbótin við landkynningarvefi Ferðamálastofu er Evrópugáttin svonefnda sem opnuð var um mitt ár 2006. Verkefninu er stýrt af Ferðamálaráði Evrópu þar sem Ísland á aðild. Vefurinn er einkum hugsaður fyrir fjærmarkaði, þ.e. Ameríku, Asíu, Afríku og Eyjaálfu, og ber hvert land ábyrgð á að koma upplýsingum inn á sinn hluta vefsins.



www.visiticeland.com

Aðallandkynningarsíða Ferðamálastofu. Síðan er á níu erlendum tungumálum, þ.e. ensku, dönsku, þýsku, frönsku, spænsku, norsku, sænsku, hollensku og ítölsku.

www.icelandtouristboard.com

Vefur skrifstofu Ferðamálaráðs í New York með sérstakri áherslu á Norður-Ameríkumarkað.



UMHVERFISMÁLIN SÍFELT MIKILVÆGARI

Umhverfismál eru snar þáttur í uppbyggingu ferðaþjónustu. Því leggur Ferðamálastofa mikla áherslu á þann þátt með fjölbreyttum hætti. Eftirfarandi eru dæmi um verkefni í þessum málaflokki þar sem stofan kemur að málum:

- Úthlutun styrkja til náttúruverndar, úrbóta og uppbyggingar í umhverfismálum á ferðamannastöðum.
- Fræðslustarf, svo sem útgáfa leiðbeiningar- og fræðslurita.
- Ráðgjöf.
- Einstök umhverfisverkefni.

Hálfur milljarður í umhverfisstyrki

Úthlutun umhverfisstyrkja er fyrirferðarmesta verkefnið á sviði umhverfismála Ferðamálastofu. Þannig hefur verið úthlutað rösklega hálfum milljarði króna frá árinu 1995 til fjölbreyttra umhverfisverkefna og ferðamenn hafa orðið áþreifanlega varir við ýmiskonar úrbætur á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Af einstökum umhverfisverkefnum má nefna hreinsun hálendisleiða, merkingar gönguleiða og kaup á svokölluðum „stubbahúsum“ til nota á ferðamannastöðum, auk ráðstefna og málþinga um umhverfismál. Í mörgum tilfellum hefur Ferðamálastofa nána samvinnu í verkefnum t.d. við sveitarfélög, opinberar stofnanir, einstaklinga, félagasamtök og fyrirtæki, en öll hafa verkefnið það að markmiði að bæta umgengni um landið og auka þolmörk svæðanna.

Úrbætur og uppbygging á ferðamannastöðum 1995 - 2008



Styrkir til smærri verkefna 1994 - 2008, samtals 405 verkefni



UMHVERFISVERÐLAUN FERÐAMÁLASTOFU



Ferðamálastofa veitir umhverfisverðlaun til ferðaþjónustufyrirtækja eða einstaklinga í ferðaþjónustu sem þótt hafa skara fram úr á sviði umhverfismála. Verðlaunin eru veitt árlega. Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu eru hugsuð sem hvatning og áminning til þeirra sem stunda ferðaþjónustu um að huga vel að umhverfinu í allri skipulagningu og starfrækslu þjónustunnar. Segja má að umhverfisvæn ferðamennska sé samspil þriggja þátta; ferðamannsins, heimamanna og umhverfisins og markmið umhverfisvænnar ferðaþjónustu er að stuðla að vernd menningar og náttúrulegs umhverfis.

RANNSÓKNIR OG MIÐLUN UPPLÝSINGA

Rannsóknir á greininni skipta miklu um framþróun hennar og tekur Ferðamálastofa þátt í þeim á margvíslegan hátt, til að mynda með skýrslum um starfs- og rekstrarumhverfi greinarinnar, gerð kannana meðal innlendra sem erlendra ferðamanna, fjárhags- og faglegri aðkomu að Ferðamálasetri Íslands og þátttöku í rannsóknarverkefnum á einstökum þáttum ferðaþjónustunnar. Dæmi þar um eru rannsóknir á þölmörkum einstakra ferðamannastaða.


Óhætt er að segja að hjá Ferðamálastofu sé í víðum skilningi stærsti gagnabanki hér á landi um ferðaþjónustu. Stofnunin heldur utan um og birtir á vef sínum með reglubundnum hætti fjölbættar upplýsingar um þróun greinarinnar,

til dæmis þróun í komum ferðamanna til landsins, fjölda gistinátta og þar fram eftir götum. Jafnframt gefur Ferðamálastofa árlega út sérstakt tölfræðirit, bæði á íslensku og ensku, og þjónar þannig fjöldamörgum aðilum sem á slíkum upplýsingum þurfa að halda.

Ferðamálastofa hýsir einnig gagnabanka með um 1700 skráningum. Þar eru aðgengilegar á einum stað upplýsingar í 60 flokkum á rúmlega 600 aðilum í afþreyingu og um 500 gististöðum, ásamt upplýsingum um samgöngur, menningu og listir.




Þróun í fjölda ferðamanna síðustu 25 ár




Álit erlendra gesta á ferðaþjónustu

Niðurstöður úr gæðakönnun Ferðamálastofu á árinu 2007
Einkunnagjöf á kvarðanum 0-10


Kaupferlið og samgöngur



Gisting



Afþreying





Leyfisveitingar - nýtt verkefni Ferðamálastofu

Útgáfa starfsleyfa og skráninga er eitt af nýjustu verkefnum Ferðamálastofu. Í ört vaxandi atvinnugrein er mikilvægt að staðið sé faglega að þeim þætti og auknar kröfur í þessum efnum eru liður í að auka gæði íslenskrar ferðabjónustu.

Til marks um umfang greinarinnar má nefna að ætla má að yfir 200 ferðabjónustuaðilar fái leyfi strax á fyrsta árinu sem stofnunin vinnur að þessu verkefni. Sækja ber um leyfi vegna starfsemi ferðaskrifstofa, ferðaskipulagningar og skráningarvottorða fyrir starfsemi bókanarþjónustu og upplýsingamiðstöðva. Um leið og leyfi hafa verið veitt frá Ferðamálastofu eru skráningar birtar á vef stofnunarinnar og þannig gerðar aðgengilegar öllum almenningi.

Öllum þeim sem fá leyfi frá Ferðamálastofu er skylt að birta leyfismerki frá Ferðamálastofu á vefsíðum sínum og í auglýsingum. Leyfismerki Ferðamálastofu má sjá hér að neðan.





UPPLÝSINGAGJÖF

Starfræksla upplýsingamiðstöðva

Ferðamálastofa á bæði fjárhagslega og faglega aðild að rekstri ýmissa upplýsingamiðstöðva og á þannig hlut að máli að þróa starfsemi þeirra í takt við þróun slíkrar þjónustu um allan heim. Ljóst er að mikilvægi upplýsingamiðstöðvanna eykst sífellt samhliða breytingum í ferðamynstri almennings.



Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík er í Höfuðborgarstofu. Þangað kemur fjöldi ferðamanna árlega til að nýta sér þá þjónustu sem þar er veitt.



Gæði og gæðaeftirlit skipa verðugan sess í ferðamálaáætlun til ársins 2015 sem Ferðamálastofa vinnur eftir og framfylgir. Gæði eru skilgreind sem ein af helstu forsendum fyrir vexti greinarinnar til lengri tíma litið og koma þau við sögu á öllum sviðum ferðaþjónustunnar.

Meðal verkefna í gæðamálum, sem Ferðamálastofa vinnur sérstaklega að, er flokkun gististaða og tjaldsvæða en fram undan er hliðstæð flokkun ráðstefnuaðstöðu hér á landi. Flokkun sem þessi er mikilvægur liður að baki þeim upplýsingum sem komið er á framfæri í gegnum allt markaðsstarf Ferðamálastofu enda skiptir máli að allir gestir sem hingað koma geti fengið skjótar og góðar upplýsingar um hvaða þjónusta er hér aðgengileg, verð hennar og aðra þá þætti sem ferðamaðurinn leitar eftir.

Ferðamálastofa vinnur einnig að auknum gæðum og fagmennsku í ferðaþjónustunni með gerð handbóka ýmiskonar. Má sem dæmi nefna upplýsingarit um merkingu gönguleiða, leiðbeiningarit fyrir starfsfólk upplýsingamiðstöðva, handbók um uppbyggingu tjaldsvæða og þannig mætti áfram telja. Allt rannsóknæfni, skýrslur og handbækur er að finna á vef Ferðamálastofu.

Eitt af nýjum verkefnum Ferðamálastofu er meðferð kvartana sem berast og tengjast ferðaþjónustu á einhvern hátt. Allar slíkar kvartanir fá nú sérstaka meðferð hjá stofnuninni og umfjöllun - hvort heldur um er að ræða stærri sem smærri efnisatriði.

SAMSTARF Á INNLENDUM OG ERLENDUM VETTvangi

Auk þess sem hér hefur verið rakið kemur Ferðamálastofa víðar við sögu á ýmsum sviðum bæði í innlendum verkefnum og alþjóðastarfi.

Stofnunin er þátttakandi í samstarfsverkefnum á borð við skráningu gönguleiða, www.ganga.is, og flokkun áningarstaða eftir aðgengi. Í slíkum verkefnum eru samstarfsaðilar ýmist aðrar stofnanir, fyrirtæki eða félagasamtök.

Stofnunin hefur umtalsverð samskipti við systur-stofnanir erlendis og á aðild að Ferðamálaráði Evrópu,

Ferðamálaráði Norðurlanda og NATA-North Atlantic Tourist Association. Slíkt alþjóðastarf er stofnuninni og ferðaþjónustunni í heild mikilvægt.

Einnig sitja starfsmenn stofnunarinnar í ýmsum ráðum og nefndum innanlands og utan og koma að skýrslugerð ásamt öðru starfi sem lýtur almennt að viðgangi og vexti ferðaþjónustunnar.

Okkar hlutverk er að vinna að framgangi íslenskrar ferðaþjónustu á öllum sviðum.



North Atlantic Tourism Association



Ráðherra ferðamála og ferðamálastjóri í hópi áhrifafólks í íslenskrri ferðaþjónustu. Talið frá vinstri: Helga Haraldsdóttir, skrifstofustjóri ferðamála í iðnaðarráðuneytinu; Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri; Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra; Árni Gunnarsson, formaður SAF, Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SAF og Svanhildur Konráðsdóttir, formaður ferðamálaráðs.



Útgefandi: Ferðamálastofa
Umsjón með útgáfu: Athygli ehf.
Grafísk hönnun: Radar
Prentun: Ásprent 2008



Ferðamálastofa
www.ferdamalastofa.is

REYKJAVÍK
Ferðamálastofa
Lækjargata 3, 101 Reykjavík
Sími 535-5500
upplýsingar@icetourist.is

NEW YORK
Icelandic Tourist Board
655 Third Avenue, New York
N.Y. 10017, USA
Sími 001-212-885-9700
usa@icetourist.is

FRANKFURT
Isländisches Fremdenverkehrsamt
City Center, Frankfurter Str. 181
D-63263 Neu-Isenburg 1, Germany
Sími 0049-6102-254-388
info@icetourist.de

AKUREYRI
Ferðamálastofa
Strandgata 29, 600 Akureyri
Sími 464 9990
upplýsingar@icetourist.is

KAUPMANNAHÖFN
Islands Turistråd
Strandgade 91 opgang C, 2 loft
1401 København K.
Sími 0045-32-833-741
lisbeth@icetourist.is